



Aðalfundur GS 2025

Fundarritari: Guðrún Þorsteinsdóttir	Fundur nr.: Aðalfundur GS 2025
Fundarmenn: 61	Dagsetning: 26.11.2025

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar fyrir síðasta starfsár.
3. Reikningar lagðir fram og skýrðir.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Atkvæðagreiðsla um reikningana.
5. Lagðar til tillögur um breytingar á lögum félagsins ef um er að ræða.
6. Lögð fram tillaga um gjaldskrá.
7. Kosning formanns.
8. Kosning stjórnarmanna.
9. Kosning skoðunarmanna reikninga.
10. Önnur mál.

Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Formaður, Sveinn Björnsson (SB), setti fundinn og lagði til að fundarstjóri yrði Friðjón Einarsson (FE) og var það samþykkt með lófaklappi. Þá lagði hann til að fundarritari yrði Guðrún Þorsteinsdóttir (GP), og var það einnig samþykkt með lófaklappi. FE tók síðan við stjórn fundarins og staðfesti að boðað hefði verið til fundarins með lögsmætum hætti. Hann gerði stutt hlé og bauð fundargestum upp á veitingar frá Hlyn Nítjánd-Bistro.

Skýrsla stjórnar fyrir síðasta starfsár.

SB las upp skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár. Hann fór yfir helstu tölur ársins, m.a. að 22.180 skráðir rástímar voru á Hólmsvelli árið 2025. Hann kynnti jafnframt kylfinga ársins: Fjóla Margrét (kvenkylfingur ársins) og Logi Sigurðsson (karlkylfingur ársins). Þá var sjálfboðaliði ársins, John Steven Berry, heiðraður fyrir fjölbreytt og óeigingjörn störf í þágu GS. John kom GolfBox-kerfinu í gang fyrir klúbbinn, sem var stórt verkefni, auk þess að gegna starfi formanns mótanefndar um tíma.

GP, fyrir hönd GS kvenna, afhenti klúbbnum veglega gjöf – upplýsingaskjá að verðmæti 300 þúsund króna – sem mun nýtast félagsmönnum og gestum Hólmsvallar.

Reikningar lagðir fram og skýrðir.

Örn Ævar Hjartarson fór yfir fyrirhugað Vormót GS og GSG og útskýrði breytingar á dagsetningu Meistaramóts GS. Hann lagði fram ársreikning og fór yfir helstu liði. Í viðhengi 1 eru nánari skýringar á lyklatríðum reikningsins.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Atkvæðagreiðsla um reikningana.

Þorgeir Ver Halldórsson spurði út í hækkun húsa- og vallartekna. Sverrir Auðunsson (SAU), framkvæmdastjóri, útskýrði að hækkunin stafi af auknum tekjum úr boltavélinni og hækkun flatargjalda.

Ásgeir Eiríksson spurði út í boltavélina og hvort klúbburinn hefði áhuga á að nota golfkúlur frá félagsmönnum. SAU útskýrði að vélina ættu eingöngu að innihalda æfingaboltar, en notaðar kúlur sem félagar gefa fari óskertar til barna- og unglingastarfs GS.

Guðjón Vilmar Reynisson spurði hvort leitað hefði verið til fyrirtækja um styrki vegna golfbolta



Skýrsla stjórnar og reikningar voru bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða af fundarmönnum.

Lagðar til tillögur um breytingar á lögum félagsins ef um er að ræða.

Engar tillögur lagðar fram.

Lögð fram tillaga um gjaldskrá og fjárhagsáætlun

Gjaldskrá og fjárhagsáætlun GS fyrir árið 2026 voru samþykktar samhljóða og án athugasemda.

Kosning formanns.

Sveinn Björnsson var sjálfkjörinn formaður til eins árs.

Kosning stjórnarmanna.

Guðrún Þorsteinsdóttir, Gunnar Ellert Geirsson og Vignir Elísson sitja áfram í stjórn.

Kosnir til tveggja ára voru:

- Karítas Sigurvinsdóttir
- Ragnar Olsen
- Örn Ævar Hjartarson

Kosning skoðunarmanna reikninga.

Sesselja Erla Árnadóttir og Friðjón Einarsson voru sjálfkjörin og Ingvar Eyfjörð sem varamaður.

Önnur mál.

SB þakkaði fundargestum fyrir traustið og sérstaklega John Berry fyrir framlag hans og störf í þágu klúbbsins. Fundargestir tóku undir með lófaklappi.

Þorgeir Ver Halldórsson (ÞVH) lagði fram tillögu um að framkvæmd yrði skoðanakönnun um röðun brauta (með, móti, hlutlaus) eigi síðar en í mars 2026. Hann afhenti FE tillöguna formlega.

Ásgeir Eiríksson óskaði eftir leynilegri kosningu. Gerð var hlé á fundinum á meðan atkvæðaseðlar voru útbúnir. Tveir fulltrúar aðalfundar og áheyrnafulltrúi fór yfir atkvæðiseðlana.

FE tilkynnti niðurstöðuna: Já 26 – Nei 24. Tillaga ÞVH var því samþykkt. ÞVH tók aftur til máls og hvatti til þess að könnunin yrði framkvæmd þar sem aðeins eitt atkvæði hefði ráðið úrslitum.

Logi Sigurðsson hrósaði SAU og stjórninni fyrir öflugt starf og ræddi hvort snúningur á vellinum hefði haft áhrif á fjölgun gesta og aukna vellíðan kylfinga.

Eygló Anna Tómasdóttir spurði hvort hægt væri að snúa vellinum oftari svo 10. holan væri fyrsta hola fyrir þá sem vilja spila 9 holur. Hún spurði einnig hvort 10. hola gæti verið þar 5 frá rauðum teigum (45).

Pétur Þór Jaidee spurði hvort á döfinni væri að breyta 10. holu aftur í þar 5. SB svaraði og útskýrði að breytingin væri gerð vegna öryggissjónarmiða og að hægt væri að endurskoða málið síðar ef skilyrði breyttust.

FE þakkaði Hlyni fyrir frábært starf í sumar. Fundargestir klöppuðu honum lof í lófa.

Sigurður Sigurðsson spurði hvort hann mætti stofna Facebook-síðu í nafni klúbbsins. SB svaraði neitandi. Sigurður hvatti félagsmenn til að vanda orðræðu á félagsþjalli klúbbsins.

Fundi var slitið klukkan 19:50.